

## 25. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd miðvikudaginn 18. júní 2001 kl. 18:20.

Mættir voru: Gretar D. Pálsson, formaður, Páll Hjaltalín, Pálmi Ólafsson, Þorbergur Bæringsson, slökkviliðsstjóri og Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Tangagata 6.  
Hjálmar Sveinsson og Ósk Vilhjálmsdóttir sækja um leyfi til að breyta gluggum sbr. teikningu frá teiknistofunni Óðinstorgi. Samþykkt.
2. Víkurgata 2.  
Böðvar Valgeirsson og Jónína Ebenezerdóttir sækja um leyfi til að byggja sólpall við húsið. Samþykkt.
3. Skúlagata 21 (Borg).  
Alfreð Viktor Þórólfsson og Hildigunnur Jóhannesdóttir sækja um leyfi til að klæða íbúðarhús og bílskúr með bárujárn. Samþykkt.
4. Smiðjustígur 3.  
Sæferðir ehf. fara fram á breytingar á lóð sbr. meðfylgjandi teikningu og bréf dags. 12. júlí sl.  
Samþykkt með þeim fyrirvara að lóðarréttur sé til staðar. Bifreiðastæði við NA-enda lóðar eru heimiluð til bráðabirgða.
5. Golfklúbburinn Mostri.  
Ríharður Hrafnkelsson f.h. Mostra sækir um leyfi til að setja upp merki golfklúbbsins Mostra við Aðalgötu.  
Uppsetning samþykkt. Staðsetning verði í samráði við byggingarfulltrúa.
6. Skipulagsmál.  
Formaður gerði grein fyrir fundi sínum með Bæring B. Jónssyni, arkitekt.
7. Barnaskólinn við Skólastíg.  
Óli Jón Gunnarsson f.h. Stykkishólmsbæjar fer fram á heimild til að setja upp hringstiga og neyðarútgang á suðurgafli hússins. Samþykkt.
8. Aðalgata 14.  
Hólmgeir S. Þórsteinsson og Sigrún Jónsdóttir sækja um leyfi til að setja upp girðingu við hús sitt sbr. meðfylgjandi riss.
9. Nesvegur 9.  
Birgir Jónsson og Sigurður Birgisson leggja fram málsetta teikningu af húsi sínu sbr. fyrri samþykkt byggingarnefndar. Teikningarnar eru eftir Erlar Kristjánsson, verkfræðing.

10. Fákaborg.  
Emil Þór Guðbjörnsson sækir um heimild til að byggja hesthús við Fákaborg. Nefndin leggur til að lóðinni verði úthlutað til hans og umsækjandi leggi fram fullnægjandi teikningar af húsinu.
11. Gámastöð.  
Óli Jón Gunnarsson f.h. Stykkishólmsbæjar sækir um heimild til að láta reisa gámastöð á “þríhyrning” við Skipavíkurhöfn. Samþykkt.
12. Lágholt 20.  
Ásgeir Árnason sækir um leyfi til að reisa skjólvegg við hús sitt sbr. framlagt riss. Samþykkt.
13. Lágholt 3.  
Baldur Ragnarsson og Guðrún Marta Ársælsdóttir sækja um leyfi til að skipta um klæðningu á húsinu að hluta og reisa skjólvegg. Samþykkt.
14. Skólastígur 18a.  
Gísli Birgir Jónsson sækir um leyfi til að breyta þaki yfir anddyri og setja upp pall við húsið. Samþykkt.
15. Fyrirspurn.  
Pétur Kristinsson spyrst fyrir um mögulegar lóðir fyrir hús sem hann hefur látið hanna og teikna og hefur áhuga á að byggja.  
Nefndin mælir með að skoðað verði með skipulagningu á svæðinu frá Kvenfélagsgarði að Þvervegi.
16. Hamraendar 2.  
Leó Már Jóhannsson f.h. Rarik sækir um leyfi til að setja upp skilti við Hamraenda og breyta þakkanti samkvæmt framlögðum teikningum. Samþykkt.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.  
Fundi slitið kl. 19:30.

Óli Jón Gunnarsson (sign.),  
Gretar D. Pálsson (sign.),  
Páll Hjaltalín (sign.),  
Þorbergur Bæringsson (sign.),  
Pálmi Ólafsson (sign.).